

Nr. 17-036 S 025 Farsæll SH 30***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1629
Útgerð FISK-Seafood ehf
Smíðaður: Seyðisfirði 1983
Stærð: 177,8 brl. 237,4 bt.
Mesta lengd: 28,93 m Skráð lengd: 26,16 m
Breidd: 7 m Dýpt: 3,55 m
Vél: Caterpillar 560 kW 1992
Fjöldi skipverja: 9



Farsæll ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. apríl 2017 var Farsæll SH 30 á botnvörpuveiðum á Breiðafirði. Veður: A 3 m/s og ölduhæð 2,5 m.

Skipverji var í lest að færa tóm fiskikör ásamt öðrum skipverja þegar hann klemmdi illa fingur á hægri hönd á milli kara.

Við rannsókn kom fram:

- að við læknisskoðun kom í ljós að skipverjinn var fingurbrotinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.